



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

ENSK2HC05 Hagnýt enska

Kennari:	Paola Ýr Daziani, Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	PD, ÆE
-----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni sem leggja áherslu hina fjóra færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Þekkingarviðmið:

Þekking í lok annars þreps:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
 - að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
 - að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
 - að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,

- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

The Hunger Games, Suzanne Collins

Efni frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt á Moodle.

Sérreglur áfangans:

Á **Moodle** verður haldið utan um efni áfangans. Þangað sækja nemendur öll gögn: kennsluáætlun, æfingar, verkefni, lesefni og fl. Nemendur verða að fylgjast vel með upplýsingum þar, sérstaklega ef þeir missa af tíma.

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Nemendur sem missa af prófi og eru löglega afsakaðir þreyta það próf í lok annar, en þá verður aðeins einn tími notaður undir slík próf. Ef ekki er um leyfi í Innu að ræða er **gefin einkunnin 0/núll**. Athugið að **þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og þeir verða að mæta í þessi próf eins og aðrir**. Nemendur sem eru fæddir **1995 eða fyrr** verða að **ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar**. Ef um er að ræða verkefni sem eru unnið heima, lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern virkan dag sem verkefnaskil dragast. **Nemendur sem eru með 8,0 eða hærra í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.**

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
The Hunger Games	próf / verkefni	10%
Munnlegt		10%
Kvikmyndaverkefni	orðaforði	5%
Ýmis verkefni	ritun, lestrarverkefni, samtal, hlustun	25%
Skriflegt lokapróf		50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 18.ágúst 2016

Paola Daziani og Ægir Pétur Ellertsson (kennarar)

Guðfinna Gunnarsdóttir (kennslustjóri)